

Skólaráð 3. nóvember 2016

Fundur settur kl. 08:10

Mætt voru:

María Pálmadóttir skólastjóri, Ólöf Kristín Einarsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi starfsmanna, Jökull Mar Pétursson fulltrúi foreldra, Heiða Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra, Kristín Thoroddsen formaður Foreldrafélags Setbergsskóla og fulltrúi grenndarsamfélags.

**Dagskrá:**

## 1. Funda- og starfsáætlun ráðsins

Lögð var fyrir áætlun ráðsins og samþykkt. Ráðið fastsetti fundardaga sem og efni funda með fyrirvara um breytingar. Skólaping verður haldið eftir áramót en skoða þarf nánar hvað á að taka fyrir á því þingi.

## 2. Kynning á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa

Farið var yfir niðurstöður samræmdraprófa sem lögð voru fyrir 4. og 7. bekk nú í byrjun annar. Niðurstöður könnunarinnar verða kynntar betur þegar fyrir liggja samanburðartölur. Könnunin var gerð með öðru sniði í ár en verið hefur en börnin voru látin taka prófin á tölvu og voru ýmsir vankantar á því fyrirkomulagi sem verið er að skoða og koma í veg fyrir að komi fyrir aftur. Kennarar voru þó sammála því að þetta fyrirkomulag sé í grunninn gott en bæta megi ýmsa þætti og hafa komið þeim upplýsingum til menntamálastofnunar.

## 3. Önnur mál

Kristín varpaði fram spurningu varðandi hádegismat sem í boði er fyrir börnin og er nú í höndum Skólaaks. Verið er að skoða þau mál og vel haldið utan um þær athugasemdir sem skólanum hefur borist. Matarmálin verða skoðuð frekar með foreldrafélaginu. Vilji er meðal skólastjórnenda að koma þessum málum í góðan farveg í samvinnu við foreldra.

*Fundi slitið kl. 09:30 næsti fundur haldinn 8. desember*